

Ed.

616. Frumvarp til laga

[384. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85.)

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni, eða hætta er talin á slíku.

Hættumat skal ná til byggðra svæða svo og annarra svæða, sem skipuleggja skal.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

3. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu annast hættumat, setja reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess, um flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja.

Reglur þessar skulu staðfestar af félagsmálaráðherra.

Almannavarnir ríkisins skulu einnig annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum.

4. gr.

Sérstök nefnd, ofanflóðanefnd, skal vera Almannavörnum ríkisins til aðstoðar um þessi mál.

Almannavarnir ríkisins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn ríkisins, Veðurstofa Íslands og Viðlagatrygging Íslands tilnefna sinn manninn hver í nefndina. Fulltrúi Almannavarna ríkisins skal vera formaður.

Verkefni ofanflóðanefndar er að fjalla um tillögur sem berast og gera tillögur til Almannavarna ríkisins um allt sem varðar varnir gegn ofanflóðum.

5. gr.

Veðurstofa Íslands skal annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana.

6. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, sbr. 2. gr., skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Skal sá starfsmaður starfa að fyrirmælum Veðurstofu Íslands, sem greiðir helming launa hans fyrir þessi störf samkvæmt samkomulagi þar um.

7. gr.

Sveitarstjórn lætur gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði, sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð sem fyrir er á hættusvæðum fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

8. gr.

Tillögur sveitarstjórnar ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skulu lagðar fyrir Almannavarnir ríkisins og öðlast gildi að fengnu samþykki þeirra og staðfestingu félagsmálaráðherra.

9. gr.

Sveitarstjórnir skulu annast framkvæmdir hver í sínu umdæmi í samræmi við samþykktar áætlanir. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir staðfesting ráðherra sbr. 8. gr.

10. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, er sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Tekjur sjóðsins skulu vera:

- 1) 5% af árlegum heildariðgjaldtekjum Viðlagatryggingar Íslands.
- 2) Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
- 3) Aðrar tekjur.

11. gr.

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

- 1) Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
- 2) Greiða má allt að $\frac{4}{5}$ hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
- 3) Greiða má allt að $\frac{4}{5}$ hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði, sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins.

12. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum, sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

13. gr.

Kostnaður vegna ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. júlí 1983 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í nefndina voru skipaðir Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Hafliði Helgi Jónsson veðurfræðingur, Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur, Helgi Hallgrímsson verkfræðingur og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri. Hlynur Sigtryggsson veðurstofustjóri tók sæti í nefndinni í byrjun september 1984 í stað Hafliða Helga Jónssonar.

Nefnd þessi var skipuð í framhaldi af samþykkt þingsályktunar um heildarlöggjöf um skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum, sem samþykkt var á Alþingi 2. apríl 1981, en hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.“

Nefndin hefur haldið 29 fundi um málið og rætt við ýmsa aðila um verkefnið. Þá fór nefndin einnig vestur til Patreksfjarðar og Ísafjarðar til viðræðna við heimamenn um snjóflóð og snjóflóðavarnir.

Nefndin varð fljótt sammála um það að eitt helsta atriðið sem hægt væri að koma á nú þegar væri að koma upp kerfi eftirlitsmanna á þeim stöðum þar sem hættu er talin á snjóflóðum, manna sem hefðu eftirlit með snjóalögum og væru í beinu sambandi við Veðurstofu Íslands, sem leiðbeindi þeim til þess að meta aðstæður á hverjum tíma. Því var í mars s. l. komið á námskeiði fyrir núverandi og væntanlega eftirlitsmenn og sóttu það námskeið menn frá 12 stöðum á landinu sem fengu fræðslu um snjóflóð, eiginleika þeirra og hugsanlegar afleiðingar. Jafnframt var talið nauðsynlegt að safna saman öllum gögnum um snjóflóð sem fallið hafa á fyrri árum til þess að geta gert sér betur grein fyrir þeirri hættu sem fyrir hendi er á þessum stöðum. Því réð Veðurstofan starfsmann til þess að færa inn á kort öll þekkt snjóflóð á tveimur stöðum til þess að skýra þessa mynd nánar og er það nauðsynlegur þáttur við gerð hættumats.

Nefndin hefur átt viðræður við Guðjón Petersen framkvæmdastjóra Almanna- ríkisins og Ásgeir Ólafsson forstjóra Viðlagatryggingar Íslands um þessi mál, en þeir hafa báðir víðtæka reynslu á þessu sviði og þekkingu á tjónum sem snjóflóð og skriðuföll valda.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru að setja þurfi löggjöf um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, þar sem skýrt sé kveðið á um hvernig vinna skuli að þessum málum, hverjir fari með stjórn þeirra og á hvern hátt sé best tryggt að komið sé á vörnum á þeim stöðum þar sem hættu er talin vera mest og vísast um það til frumvarpsins og athugasemda við einstakar greinar þess.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Almanna- varnir ríkisins annist veigamikla þætti varðandi varnir gegn ofanflóðum. Er þá annars vegar haft í huga að hagkvæmast sé að fela þetta verkefni stofnun sem er þegar fyrir hendi og hins vegar að verkefnið samræmist mjög vel hlutverki Almanna- varna ríkisins eins og það er skilgreint í lögum.

Þannig er lagt til að Almanna- varnir ríkisins skuli annast hættumat og setja reglur um forsendur og aðferðir um gerð þess, og að sérstök ráðgjafarnefnd sem nefnd hefur verið ofanflóðanefnd skuli vera Almanna- vörnum ríkisins til aðstoðar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar Almanna- varna ríkisins, Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, Skipulagsstjórnar ríkisins, Veðurstofu Íslands og Viðlagatryggingar Íslands og sé fulltrúi Almanna- varna ríkisins formaður hennar. Einnig eru tekin af öll tvímæli um að Veðurstofan annist svo sem verið hefur öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinni úr þeim, annist mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefi út viðvaranir um snjóflóðahættu, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að í öllum sveitarfélögum þar sem hætta er talin á snjóflóðum skuli ráðinn sérstakur eftirlitsmaður sem starfi undir yfirstjórn Veðurstofu Íslands, sem og greiðir helming launa hans samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Að fengnu því hættumati sem Almannavarnir ríkisins láta gera skal sveitarstjórn gera tillögu um gerð varnarvirkja. Var talið rétt að sveitarstjórn annaðist gerð þessara tillagna til þess að tryggja að ábyrgðin og frumkvæðið sé hjá heimamönnum enda er það talið affarasælast. Peningar eru afl þess sem gera þarf og þess vegna taldi nefndin rétt að stofna sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, sem skal vera í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera 5% heildariðgjaldtekna Viðlagatryggingar Íslands og árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni. Greiða skal úr ofanflóðasjóði allan kostnað við gerð hættumatsins og heimilt að greiða allt að ¼ hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki og kaup og uppsetning tækja og búnaðar sem gæti sérstaklega stutt rannsóknir á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Nefndin hefur áætlað að heildarkostnaður gæti legið á bilinu 250—400 millj. kr. við þær aðgerðir, sem nauðsynlegt er talið að þyrfti að gera á þeim þéttbýlisstöðum sem taldir eru búa við hættu af ofanflóðum og af því þyrfti hluti ofanflóðasjóðs að geta orðið 200—320 milljónir kr. og þá á eftir að gera ráð fyrir þeim kostnaði sem sveitarfélög muni sjálf taka að sér. Þannig er hægt að gera ráð fyrir að hægt verði að framkvæma nauðsynlegustu aðgerðir vegna hættu á ofanflóðum á næstu árum og síðan verði hægt að styrkja nauðsynlegt viðhald og aðrar framkvæmdir. Allar eru þessar kostnaðaráætlanatölur þó mikilli óvissu háðar.

Nefndin telur að breyta þurfi grein 3.1.8. í byggingarreglugerðinni frá 1979 þannig að bannað sé að byggja á svæðum, ekki einungis þar sem tjón hefur orðið af snjóflóðum heldur einnig þar sem talin er hætta á slíku. Komið hefur í ljós að á nokkrum stöðum á landinu hafa verið reistar byggingar á óbyggðum svæðum þar sem sannanlega hafa aldrei orðið tjón af völdum snjóflóða en eru þó þekkt sem snjóflóðahættusvæði.

Þá telur nefndin einnig rétt að undanþáguheimild sé fyrir hendi til að leyfa byggingar á slíkum svæðum, þó með því skilyrði að þær byggingar séu sérstaklega styrktar eða varnarvirki byggð, enda liggja einnig fyrir samþykki Almannavarna ríkisins og staðfesting félagsmálaráðherra á þeirri framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lýst því markmiði laganna að vinna að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla. Til hagræðis er samheitið ofanflóð notað um snjóflóð og skriðuföll.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um það að meta skuli hættu á ofanflóðum í sveitarfélögum, þar sem ofanflóð hafa ógnað byggð eða hætta er talin á slíkri ógn. Enn fremur er kveðið á um að slíkt hættumat skuli vera fastur liður í skipulagsvinnu viðkomandi sveitarfélaga, og tekið skuli fullt tillit til þess við skipulagningu byggðar.

Samkvæmt gildandi skipulagslögum eru öll sveitarfélög skipulagsskyld. Tekur sú skipulagsskylda til allra bygginga og mannvirkja annarra en bygginga á lögbýlum. Í reynd eru skipulagsupprættir einkum gerðir af þéttbýlisstöðum. Í dreifbýli er sjaldnast um slíkt að ræða, en látið nægja að gera upprætti af einstökum byggingum og mannvirkjum.

Í þéttbýli er um tvö þrep skipulags að ræða, aðalskipulag og deiliskipulag. Aðalskipulag markar meginatriði í þróun byggðar í sveitarfélaginu, sýnir landnotkun, umferðarkerfi o. s. frv.

Í gildandi lögum og reglugerð um skipulagsmál eru ekki ákvæði um mat á náttúruhamförum eða hvernig skuli tekið tillit til þeirra við gerð skipulags. Eðlilegt er að hættumat sé liður í undirbúningsvinnu fyrir aðalskipulag svo og svæðisskipulag ef um slíkt er að ræða.

Í tillögu að nýrri skipulagsreglugerð eru tekin upp ákvæði sem stefna í þessa átt. Varnarvirki fyrir hættusvæði, sbr. 7. gr., verða á hinn bóginn hluti af deiliskipulagi.

Hættumat yrði fyrst og fremst gert fyrir þéttbýli a. m. k. fyrst í stað. Til greina kemur þó einnig að gera hættumat fyrir einstaka staði eða mannvirki í dreifbýli þar sem sérstök ástæða þætti til, t. d. útivistarsvæði.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. skulu Almannavarnir ríkisins annast hættumat. Til að samræma hættumat fyrir hina ýmsu þéttbýlisstaði er nauðsynlegt að setja reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess. Þá þarf einnig að setja reglur um flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð varnarvirkja. Við samningu slíkra reglna má styðjast við erlendar fyrirmyndir, en staðfæra þarf þær og aðlaga íslenskum aðstæðum. Þar sem reglur þessar munu hafa viðtæk áhrif á þróun byggðar í mörgum sveitarfélögum er lagt til að félagsmálaráðherra staðfesti þær.

Hættumat sýnir svæði sem talin eru hættuleg vegna ofanflóða og flokkar þau. Hættumat felur einnig í sér tillögur að landnýtingu og forsendur og hugmyndir að varnarvirkjum fyrir þá byggð sem komin er, svo og fyrir óbyggð svæði, sem aðalskipulag nær til.

Þegar hættumat liggur fyrir má draga verulega úr hættu á manntjóni og slysum með gerð neyðaráttlana og fræðslustarfi. Er Almannavörnum ríkisins einnig falið þetta verkefni.

Um 4. gr.

Ofanflóðanefnd skal vera Almannavörnum ríkisins til aðstoðar og ráðuneytis um málefni þau, sem frumvarp þetta tekur til. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana, sem einkum eiga hlut að máli. Er hlutverk nefndarinnar þá einnig að samræma sjónarmið og störf þessara aðila og búa mál í hendur Almannavarna ríkisins.

Þess er að vænta, að leita þurfi til enn fleiri stofnana og samtaka varðandi þessi mál, en ekki er þó lagt til að fjölga í ofanflóðanefnd af þeim sökum. Þar sem nefndin er Almannavörnum ríkisins til aðstoðar, er lagt til að fulltrúi þeirra sé formaður hennar.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að Veðurstofa Íslands skuli annast gagnaöflun og rannsóknir varðandi snjóalög, snjóflóð og snjóflóðahættu, svo og gefa út aðvaranir um snjóflóðahættu. Í gildandi lögum um Veðurstofu Íslands eru ekki nein bein ákvæði um þessi atriði. Þrátt fyrir það hefur Veðurstofan unnið að þessum verkefnum undanfarin ár. Hefur hún í samvinnu við Almannavarnir ríkisins gefið út aðvaranir um snjóflóðahættu.

Ákvæði greinarinnar miða að því að festa í sessi núverandi starfsemi Veðurstofunnar á þessum vettvangi. Haft er í huga að sömu ákvæði verði tekin upp í lög um Veðurstofu Íslands, þegar þau verða endurskoðuð.

Um 6. gr.

Til að unnt sé að meta snjóflóðahættu í hverju byggðarlagi, verður að safna gögnum um veðurfar og snjóalög í byggðarlaginu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarstjórn feli sérstökum starfsmanni þetta verkefni. Hér er um hlutastarf að ræða. Umfang starfsins og lengd athugunartímans yrðu misjöfn eftir aðstæðum og árferði.

Miðað er við að athugunarmaður sé starfsmaður sveitarstjórnar og hafi náði samráð við hana og almannavarnanefnd sveitarfélagsins varðandi störf sín. Veðurstofa Íslands hefur

faglega stjórn athugana á hendi, leggur til tæki í þessu skyni og kennir starfsmanninum til verka. Hún fær einnig allar niðurstöður mælinga og athugana og metur snjóflóðahættu í samráði við athugunarmann. Veðurstofan endurgreiðir sveitarfélaginu helming launa starfsmannsins fyrir þau störf sem hér um ræðir, skv. samkomulagi þar um.

Í nokkrum sveitarfélögum hafa athugunarmenn þegar hafið störf. Hefur reynsla af því verið góð.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er það hlutverk sveitarstjórnar að fengnu hættumati, sbr. 3. gr., að láta gera endanlegar tillögur að varnarvirkjum og hanna þau. Á þetta við um byggð svæði og óbyggð. Þá er kveðið á um að ekki megi byggja á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð sem fyrir er á hættusvæðum fyrir en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að tillögur sveitarstjórnar og áætlanir um varnarvirki skuli háðar samþykkt Almannavarna rákisins og staðfestingu félagsmálaráðherra. Almannavörnum ber að ganga úr skugga um það að reglur um hættumat og hættusvæði séu virtar í hvívetna. Enn fremur skulu þær hafa í huga að hagsýni sé gætt við gerð varnarvirkja og að kostnaður við varnaraðgerðir sé í eðlilegu hlutfalli við verðmæti og hagsmuni, sem verja á.

Um 9. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Með tilliti til þess að sveitarstjórn fær að jafnaði mikinn meiri hluta kostnaðar við varnarvirki greiddan úr ofanflóðasjóði (sbr. 11. gr.) er sett inn ákvæði um, að verk skuli unnin á grundvelli útboðs, verði því við komið.

Um 10. gr.

Hlutverk ofanflóðasjóðs er að auðvelda þeim sveitarfélögum, sem búa við hættu af ofanflóðum, að koma upp vörnum. Í greininni er kveðið á um tekjur sjóðsins. Er þar annars vegar um fastan tekjustofn að ræða til frambúðar, þ. e. 5% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Er áætlað að þær tekjur geti numið um 5 m. kr. árið 1985. Hins vegar er um að ræða árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni. Markmiðið með þessu framlagi er að skapa fjárhagslegt svigrúm til að gera nokkurt átak í þessum málum á næstu árum eftir gildistöku laganna. Auk þessara tveggja tekjustofna koma til aðrar tekjur svo sem vaxtatekjur.

Í gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands er stjórn stofnunarinnar heimilað að styrkja framkvæmdir sem eiga að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Með ákvæðinu í 10. gr. er bundið að ákveðinn hluti af iðgjaldatekjum Viðlagatryggingar renni til varna gegn tjóni af völdum ofanflóða. Verði þetta ákvæði að lögum, er eðlilegt að sama ákvæði sé felld inn í lög um Viðlagatryggingu.

Telja verður eðlilegt að Viðlagatrygging taki þátt í kostnaði við gerð varnarvirkja, þar eð þau munu draga úr bótagreiðslum stofnunarinnar vegna ofanflóða. Til samanburðar við framlag Viðlagatryggingar má geta þess að bótagreiðslur hennar vegna snjóflóða hafa verið sem hér segir:

Árin 1976—82	Engar bætur
Árið 1983	7.7 m. kr.
Árið 1984 (til loka september)	4.4 m. kr.

Lagt er til að ofanflóðasjóður sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands og annist hún ávöxtun og bókhald fyrir sjóðinn. Með því móti ætti kostnaði að vera haldið í lágmarki.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um þátttöku ofanflóðasjóðs í kostnaði við hina ýmsu þætti varna.

Sjóðurinn skal greiða allan kostnað við hætumat og undirbúningsvinnu hætumats. Ákvæðið miðar að því að hætumat sé gert svo fljótt sem verða má fyrir alla þéttbýlisstaði, sem taldir eru hafa þörf fyrir slíkt mat, án þess að viðkomandi sveitarfélög þurfi að leggja fram fé til þess. Er þá haft í huga að hætumatið ásamt tilheyrandi neyðaráætlun getur þegar orðið mikilvægt hjálpartæki til að draga úr hættu á slysum og manntjóni.

Þátttaka sjóðsins í öðrum þáttum varna má nema allt að $\frac{4}{5}$ hlutum af kostnaði þeirra. Nær sú heimild til framkvæmdakostnaðar við varnarvirki, þar með talinn kostnaður við hönnun og annan undirbúning, eftirlit með framkvæmdum, svo og kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna. Sé talið hagkvæmara að kaupa fasteign til niðurrifs í stað þess að gera varnarvirki fyrir hana, má sjóðurinn taka þátt í kaupunum. Þá er sjóðnum heimilt að taka að sama marki þátt í kaupum og uppsetningu tækja og búnaðar sem sérstaklega er aflað til rannsókna vegna snjóflóðahættu.

Í greininni er kveðið á um að Almannaþing ríkisins geri tillögur til félagsmálaráðherra um úthlutanir úr sjóðnum, en ráðherra tekur endanlega ákvörðun um þær.

Nefnd sú, sem samdi lagafrumvarp þetta, hefur reynt að meta lauslega kostnað við gerð varnarvirkja fyrir núverandi byggð í þeim þéttbýlisstöðum, sem taldir eru búa við hættu frá ofanflóðum. Niðurstaðan varð sú, að heildarkostnaður gæti legið á bilinu 250—400 m. kr., og þá hluti ofanflóðasjóðs 200—320 m. kr.

Þó að þetta mat sé mjög mikilli óvissu háð, gefur það vísbendingu um að greiða megi mikinn hluta kostnaðar við varnir á 10 árum með fjármagni ofanflóðasjóðs og framlagi viðkomandi sveitarfélaga.

Um 12. gr.

Ákvæði um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og sölugjalds á sér mörg fordæmi í svipuðum tilvikum, sem hér um ræðir. Heimild til þessa var þegar tekin inn í fjárlög fyrir 1984.

Um 13. gr.

Lagt er til að kostnaður vegna ofanflóðanefndar sé greiddur úr ríkissjóði. Er þá haft í huga, að kostnaður vegna stjórnunar þessara mála er allur greiddur úr ríkissjóði í gegnum viðkomandi stofnanir. Er eðlilegt að sama gildi um ofanflóðanefnd.

Um 14. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.